

## STAÐA MÁLS

Málnr.: **17-024F006**

Dags: **8. mars 2017**

Staður: **Reykjavíkurlflugvöllur (BIRK)**

Lýsing: **Hæðastýri hökkti, þungt, og ekki hægt að beita að fullu**


Staða máls: **Mars 2018: Í rannsókn**

Einkaflugmaður í endurbjálfun var ásamt flugkennara að æfa snertilendingar á Reykjavíkurlflugvelli (BIRK) á kennsluflugvél TF-FTO (Textron 172S).

Eftir þrjár snertilendingar á flugbraut 13 þegar flugvélin stödd undan vindi í umferðarhring kom rykkur á flugvélina

og hún kinkaði<sup>1</sup> niður. Einkaflugmaðurinn sem var að fljúga flugvélinni tók í hæðastýrið til þess að rétta flugvélina af, en það reyndist nýþungt og erfitt að beita því. Tók flugkennarinn við stjórn flugvélarinnar og prófaði hann stjórn tækini. Staðfesti hann að hæðastýri flugvélarinnar væri þungt, ekki hægt að beita því í fulla færslu og að það svaraði hægt<sup>2</sup>. Flugkennarinn fann einnig að með beitingu á hæðastýri kinkaði flugvélin lítilliga en

Figure 201. Elevator Control System  
B1714



<sup>1</sup> pitch

<sup>2</sup> sluggish

hökkandi um leið. Önnur stjórnæki reyndust í lagi. Notaði flugkennarinn því hæðastillu<sup>3</sup> flugvélarinnar og minni inngjöf á hreyfil til þess að lækka flugið.

Því næst bað flugkennarinn flugumferðarstjóra í flugturni á BIRK um forgang inn á flugbraut 13 og tókst landingin áfallalaust, þrátt fyrir að ekki væri hægt að beita hæðastýri flugvélarinnar nema að mjög takmörkuðu leyti.

Rannsókn málsins beinist að viðhaldi í tengslum við hæðastýriskerfi flugvélarinnar.

---

<sup>3</sup> trim